84 halda og, þegar hann fer frá, að skila af sjer öllum húsum beggja jarðanna í lögfullu
10. sept. standi.

85 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um endur-**
16. sept. **gjald á veittum sveitarstyrk.** — Eptir að hafa meðtekið með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 21. apríl þ. á. umsögn hreppsnefndarinnar í Ytri-Torfastaðahreppi í Húnavatnssýslu um áfrýjunarskjal hveppsnefndarinnar í Fellshreppi í Skagafjarðarsýslu, sem áfrýjar til landshöfðingja úrskurði yðar, 14. marz f. á., útaf ágreiningi milli tjeðra hreppa um endurgjald á sveitarstyrk veittum Júlínusi nokkrum Jónssyni eða hyski hans, skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð það er hjer segir:

Einsog þjer hafið tekið fram í ofannefndum úrskurði yðar, er saga máls þessa sú, að Júlínus nokkur Jónsson, sem sveitlægur er í Fellshreppi í Skagafjarðarsýslu, leitaði í bágindum sínum haustið 1879 til hreppsnefndaroddvitans í Ytri-Torfastaðahreppi, þarsem hann þá dvaldi með konu sinni og 2 börnum, og átti þá oddvitinn þátt í því, að stjúpfaðir Júlínusar, sem jafnframt er afi konu hans, Einar bóndi Teitsson í Kirkjuhvammi í Kirkjuhvammshreppi tók við eldra barni Júlínusar, en oddvitinn lofaði honum að leggja sín beztu meðmæli til, að hann fengi uppeldi barnsins endurgoldið hjá framfærslusveit Júlínusar. Barn þetta hafði Einar síðan hjá sjer til 4. júlí 1880. Á góunni 1880, þegar Júlínus fór vestur á Ísafjörð til sjóróðra, varð hreppsnefndin í Ytri-Torfastaðahrepp síðan að annast konu Júlínusar og hitt barn hans, og kom þeim þá fyrir hjá Gísla bónda Guðmundssyni á Búrfelli, og þar dvöldu þau 16 vikur til fardaga 1880, og var þeim þá fyrir tihlutun hreppsnefndarinnar komið fyrir gegn meðlagi hjá fyrrnefndum Einari í Kirkjuhvammi til 4. júlí, en þá var konan og bæði börnin flutt til oddvitans í hreppnum og voru þar til 16. s. m. er þau urðu flutt á sveit sína.

Kostnaður sá sem Ytri-Torfastaðahreppur samkvæmt þessu hefur krafizt endurgjalds á hjá Fellshreppi er þessvegna: 1. til Einars í Kirkjuhvammi 45 kr. fyrir eldra barnið og 20 kr. fyrir konu Júlínusar og hitt barnið, 2. til Gísla á Búrfelli 24 kr., 3. til oddvitans í hreppnum 12 kr. og 4. meðgjöf í korni 10 kr. 25 a., og með því að Fellshreppur hefur neitað endurgjalds á öðru en þessari síðasttöldu upphæð, 10 kr. 25 a., er ágreiningurinn um skyldu hans til að endurborga 101 kr.

Hvað nú fyrst snertir 45 krónurnar til Einars í Kirkjuhvammi verð jeg að vera á sama máli og þjer um það, að Fellshreppi beri eigi skylda til að endurgjalda þær, því að Einar þessi, sem, einsog áður er sagt, er stjúpfaðir Júlínusar og afi konu hans, var skyldur til samkvæmt 4. gr. fátækrareglugjörðarinnar að annast barn hans áður en til sveitarinnar kæmi, og til þess að fá hann til að taka við barninu þurfti hreppsnefndin í dvalarhreppnum eigi, eptir því sem sjeð verður, að ganga í neina ábyrgð fyrir borgun með því, en aðeins lofa að leggja meðmæli sín með því, að hann fengi uppeldi þess borgað af framfærslusveit Júlínusar. Það var því engin nauðsyn til þess að Ytri-Torfastaðahreppur hefði neitt fjárframlag fyrir Fellshrepp að þessu leyti. Öðru máli er að gegna um 20 kr. þær er Einar heimtaði fyrir konu Júlínusar og yngra barnið, því að þó að Einar væri einnig skyldur til að taka þau kauplaust, þá varð dvalarhreppurinn, eptir skýrslu oddvitans þar, sem eigi er næg ástæða til að rengja, að taka að sjer að gefa með þeim til bráðabyrgða, til þess að fá Einar til að taka við þeim, og dvalarhreppurinn var ekki skyldur að reyna áður með lögsókn að fá Einar þvingaðan til að

uppfylla framfærsluskyldu hans. Þessar 20 kr. verður því Fellshreppur að endurgjalda 85
sem nauðsynlegt fjárframlag af dvalarhreppnum, en aptur átti hann og á enn aðgang 16. sept.
að Einari til að lögsækja hann til endurborgunar á þessum 20 kr., sem hann í raun og veru átti enga kröfu til gagnvart framfærsluhreppnum. Hvað meðlagið til Gísla á Búrfelli snertir, og til oddvitans, samtals 36 kr., verður heldur eigi fundin nein ástæða til að Fellshreppur geti komizt hjá að endurgjalda þær, sem nauðsynlegt framlag fyrir hans hönd af Ytri-Torfastaðahreppi, og það gildir bæði um þessar 2 kröfur og um fyrrnefndar 20 kr., að mótbára Fellshrepps gegn þeim, vegna þess að tilkynning um hinn veitta sveitarstyrk hafi fyrir ranga utanáskript komið of seint til hans, verður að álítast ástæðulaus, þar sem töfin fyrir tilkynningunni, sem af þessu leiddi, engan kostnaðarauka getur álitist hafa bakað Fellshreppi.

Samkvæmt þessu staðfestist fyrnefndur úrskurður yðar, herra amtmaður, og vil jeg skora á yður að leggja fyrir hreppsnefndina í Fellshreppi að endurgjalda Ytri-Torfastaðahreppi tafarlaust þær 56 kr., sem honum eptir þessu ber að greiða hinum síðarnefnda hreppi.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um rjett læknaskólakandidata til að fást við lækningar í Danmörku, á Færeyjum og í Grænlandi.** 86
17. sept.
— Í tilefni af erindi nokkru er hjeraðslæknir í 5 læknishjeraði Íslands Davíð Scheving Thorsteinsson hafði sent dómsmálastjórninni dönsku og þarsem hann spyrst fyrir um það, hvort hann eptir hinum gildandi lögum hafi jus practicandi í Danmörku að meðtöldum Færeyjum og Grænlandi og ef svo væri eigi, beiðist leyfis til að mega fást við lækningar á nefndum stöðum, hefur dómsmálastjórnin mælzt til þess af ráðgjafanum fyrir Ísland, að hjeraðslækni þessum yrði gefið til vitundar, að eptir hinum gildandi lögum hefur hann eigi jus practicandi í Danmörku fyrir próf það, er hann hefur tekið við læknaskólann í Reykjavík, og að hið umbeðna leyfi til þess að mega eigi að síður fást við lækningar í Danmörku geti eigi orðið veitt honum fyrir áminnst próf hans í læknisfræði.

Þetta vil jeg, herra amtmaður, samkvæmt boði ráðgjafans hjermeð þjónustusamlega skora á yður að tilkynna hjeraðslækni D. S. Thorsteinssyni.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um sveitfesti þurfalings.** 87
17. sept.
— Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 6. f. m. meðtekið umsögn hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshrepp um erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi 23. okt. f. á., þarsem áfrýjað er úrskurði yðar, 7. apríl f. á., viðvíkjandi endurgjaldi á meðlagsstyrk með Guðríði Gísladóttur, ásamt með eldri skjölum málsins, skal jeg hjermeð þjónustusamlega tjá yður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn ástæðu til, að breyta nefndum úrskurði yðar að neinu leyti, og ber því Seltjarnarnesshreppi tafarlaust að endurgjalda Vatnsleysustrandarhreppi þær 55 kr., sem um getur í úrskurðinum[1].

---

1) Úrskurður amtmannsins um þetta efni, sem tilkynntur er sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. apríl f. á., er svohljóðandi:

Í erindi dagsettu 28. febrúar þ. á. hefur hreppsnefndin í Seltjarnarnesshreppi skotið til amtsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 17. sept. f. á., en með þeim úrskurði er Seltjarnarnesshreppur